

Nd.

442. Nefndarátt

nm frv. til laga nm kynbætur hesta.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir að mestu leyti orðið sammála nm að ráða háttvirtri deild til að samþykkja frv. með svofeldum

BREYTINGUM :

1. Ný grein, sem verður 1. gr.

Bannað er að láta graðhesta $1\frac{1}{2}$ árs og eldri ganga lausa í heima-
högum eða á afrjettum, þó með þeim undantekningum, sem lög þessi heimila.

2. Við 1. gr., sem verður 2. gr. Greinin orðist svo :

Í þeim hjeruðum eða sýslum, þar sem ekki eru samþykktir um kyn-
bætur hrossa, skal í hreppi hverjum vera hrossakynbótanefnd skipuð 3
mönnum. Um kosningu í nefndina gilda sömu ákvæði sem um kosningu í
sveitarstjórn.

3. Við 2. gr., sem verður 3. gr. Greinin orðist svo :

Á hverjum vetri skal hrossakynbótanefnd, með samkomulagi við eigend-
ur, velja hæfilega marga graðhesta til undaneldis innanhrepps næsta sumar og
ákveða gjald fyrir notkun þeirra. Skal nefndin hafa gert hreppsúum það
kunnugt fyrir lok marsmánaðar.

Heimilt er hrossakynbótanefnd að gera undanþágufra ákvæðnm 1. gr.,
um vörsluskyldu graðhesta, sem hún hefir valið til undaneldis.

4. Við 3. gr., sem verður 4. gr. Greinin orðist svo :

Alla graðhesta, sem hrossakynbótanefnd hefir valið til undaneldis, skal
merkja með því að klippa Kh hægra megin á lend þeirra; skal endurnýja
merkið svo oft sem þarf til þess, að það sje ávalt glögt.

Nú sannast, að einhver hefir merkt graðhest þessu merki án leyfis
hrossakynbótanefndar, þá varðar það sekt. Taka má slíkan hest hvar sem
hann hittist utan gripheldra girðinga, ráðstafa honum sem óskilagrip og selja
hann án innlansnarfrests.

5. Við 4. gr., sem verður 5. gr. Greinin orðist svo :

Alla aðra graðhesta $1\frac{1}{2}$ árs og eldri en þá, sem ætlaðir eru til und-
aneldis samkvæmt 4. gr., skal gelda fyrir 21. apríl ár hvert. Graðhesta á þeim
aldri, sem ekki eru þá kynþroska, skal gelda svo fljótt sem verða má.

Nú vanrækir eigandi eða nmráðamaður að láta gelda hest sinn, og
skal hann þá sekt gjalda og skaðabætur, ef tjón hlýtst af. Taka má slíkan
hest hvar sem hann hittist, nema í öruggri vörslu sje, ráðstafa honnm sem
óskilagrip og selja hann án innlansnarfrests.

6. Við 5. gr., sem verður 6. gr. Greinin orðist svo :

Nú hittist graðhestur merktur Kh hægramegin á lend, gæslulaus án

heimildar, hvort heldur er innan eða utan þeirrar sveitar eða svæðis, er hann er valinn fyrir sem undaneldishestur, og má þá taka hann í örugga gæslu og á fóður — ef þörf gerist — á kostnað eiganda eða umráðamanns, en gera honum aðvart svo fljótt sem unt er; sje hestsins ekki vitjað og greiddur áfallinn kostnaður innan 6 vikna frá því að hann var tekinn, má ráðstafa honum sem óskilagrip og selja án innlausnarfrests.

Sama gildir um graðhesta, sem verðlaun hafa hlotið á hjerðasýningum, sem styrks hafa notið hjá Búnaðarfélagi Íslands, enda sjeu þeir merktir á sama hátt og aðrir kynbótahestar.

7. Við 6. gr., sem verður 7. gr. Greinin orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 50—300 krónum, er renna að hálfu í sveitarsjóð þar, sem brot verður uppvíst, og að hálfu í sveitarsjóð þar, sem sakborningur á heima.

8. 7. grein verður 8. gr.

9. Við 8. gr., sem verður 9. gr.

Í stað »kynbótanefndir« komi: hrossakynbótanefndir.

10. Við 9. gr., sem verður 10. gr. Greinin orðist svo:

Með lögum þessum eru úr gildi númer lög nr. 74, 14. nóv. 1917, og öll önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

Alþingi, 2. maí 1925.

Pjetur Þórðarson,
form., frsm.

Árni Jónsson,
fundaskr.

Hákon Kristófersson.

Halldór Stefánsson.

Magnús Torfason,
með fyrirvara.